

L Ö G

um sjúkraþjálfun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Rétt til að kalla sig sjúkraþjálfara hér á landi hafa þeir einir, sem hlotið hafa til þess löggildingu heilbrigðismálaráðherra. Sjúkraþjálfarar skulu hafa lokið námi í sjúkraþjálfun (fysiotherapi) við skóla í þeirri grein, sem viðurkenndur er sem fullkominn sjúkraþjálfunarskóli af heilbrigðisstjórn þess lands, sem námið er stundað í, og af landlækni, eða hafa menntun, sem því jafngildir að dómi ráðherra. Einnig má ráðherra löggilda þá, sem starfað hafa í þessari grein, þegar lög þessi öðlast gildi. Um ofangreind þrjú atriði tekur ráðherra ákvarðanir að fengnum meðmælum landlæknis og umsögn formanns Félags íslenskra sjúkraþjálfara.

2. gr.

Sjúkraþjálfun er meðferð, sem sjúkum er veitt í lækningaskyni með nuddi, æfingum, ljósum, hita, rafmagni og á ýmsan annan hátt eftir fyrirmælum læknis.

3. gr.

Ekki má sjúkraþjálfari taka sjúkling til meðferðar án tilvísunar og fyrirsgagnar læknis.

4. gr.

Óheimilt er að ráða til sjálfstæðra sjúkraþjálfunarstarfa aðra en fullgilda sjúkraþjálfara. Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði að fengnum meðmælum landlæknis.

5. gr.

Um sjúkraþjálfara gilda að öðru leyti, eftir því sem við getur átt, reglur laga um lækningaleyfi, réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar. Reglur laga um þessi efni gilda um refsingu vegna brota sjúkraþjálfara, um sviptingu löggildingar þeirra og um endurveitingu löggildingar.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 18. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.